

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 15. desember 2023
Mnr. 2020070011



ÍSAFJARÐARBÆR

Staða aðalskipulags

Endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar var boðin út sumarið 2019 og gengið var til samninga við ARKÍS, sem lögstjóðanda í verkið.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboði

Bjóðendur	Tilboðsverð
Arkis arkitektar	19.200.000 kr.-
Arkþing Nordic	27.755.200 kr.-
Efla ehf.	31.192.000 kr.-
Lota	28.768.000 kr.-
Mannvit	37.760.000 kr.-
Verkís	24.601.600 kr.-
VSO Consulting	29.760.000 kr.-

Upphaf verks hófst á auglýsingu á skipulagslýsingu, lýsingin var auglýst frá og með 17. apríl 2020 til og með 11. maí 2020.

Í september sama ár hófst vinna í nefndum með þáverandi skipulagsfulltrúa, þar sem verkefnið var brotið upp og viðeigandi kaflar aðalskipulagsins teknir fyrir viðeigandi nefndum og hvert þeirra hlutverk væri í endurskoðuninni. Fundað var með eftirfarandi nefndum:

- Velferðarnefnd 17.09.2020
- Atvinnu og menningarmálanefnd 17.09.2020
- Skipulags- og mannvirkjanefnd 23.09.2020
- Umhverfis- og framkvæmdanefnd 22.09.2020
- Atvinnu- og menningarmálanefnd 22.10.2020
- Velferðarnefnd 11.12.2020
- Sameinuð almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps 14.12.2020

Snemma árs 2021 fer þáverandi skipulagsfulltrúi sveitafélagsins í forföll og kemur ekki til starfa á ný. Ólöf Guðný fyrrum skipulagsfulltrúi kemur inn sem ráðgjafi í forföllum starfsmanns. Aðkoma Ólafar sem ráðgjafi, var að upplýsa nefndir um hlutverk þeirra í stefnumótun, viðeigandi málaflokka aðalskipulags. Ásamt því að virkja ráðgjafann í miðjum heimsfaraldri.

Erfiðlega gekk að ná ráðgjafa saman með nefndum, t.a.m. með vinnufundum fyrir vestan þrátt fyrir aðkomu Ólafar.

Í framhaldi á sameiginlegum vinnufundi Umhverfis- og framkvæmdanefndar og Skipulags- og mannvirkjanefndar lýstu í febrúar 2022 var eftirfarandi bókað.

„Umhverfis- og framkvæmdanefnd lýsir yfir vonbrigðum með vinnu ráðgjafa við heildarendurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008 -2020. Framkvæmd hefur tafist úr hófi og er nú langt á eftir áætlun. Nefndin telur að um forsendubrest á samningi sé að ræða. Nefndin telur m.a. óásættanlegt að enn sé unnið að gagnaöflun skv. lið 2 í tímaáætlun útboðsgagna og að þær hæfiskröfur sem settar voru fram í útboðinu séu ekki uppfylltar. Sviðsstjóra er falið að funda með ráðgjafa og kalla eftir úrbótaáætlun sem liggja fyrir innan tveggja vikna svo hægt sé taka ákvörðun um hvort samningi verði rift.“

Síðan að framangreind bókun nefndar var lögð fram, má lesa í stöðuna á þann, að dregið hefur úr áhuga ráðgjafa að halda vinnunni áfram. Sviðsstjóri umhverfis og eignasviðs átti fund með framkvæmdastjóra Arkís, föstudaginn 21. apríl 2023 þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins og eftirfarandi punktar ræddir.

- Að við núverandi ástand verður ekki við unað hvorki af hálfu ráðgjafa né sveitarfélags. Báðir aðilar voru sammála því og mögulegar úrbætur ræddar.
- Áframhald verkefnis byggist á gagnkvæmu „Proactive“ samtali á milli ráðgjafar og nefndar. Samtalið þarf að vera stöðugt.
- Möguleg aðkoma nýs verkefnastjóra af hálfu ráðgjafa og- eða að fá aðstoð frá verkfræðistofum á Ísafirði til þess að funda með nefndinni.

Þrátt fyrir fund sviðsstjóra, í vor, hafa samskipti við ráðgjafa ekki verið með því móti sem lagt var með uppi í apríl. Ein vinnuferð ráðgjafa var í september sl., í Holti með nefndarmönnum. Síðan þá hefur lítið gerst. Nefndin lýsti yfir vonbrigðum með stöðu mála á 620. fundi nefndar, 23. nóvember sl. með eftirfarandi bókun.

Skipulags- og mannvirkjanefnd lýsir yfir óánægju yfir hversu stutt á veg vinnan við nýtt aðalskipulag er komin síðan á vinnufundi nefndar og verktaka í september sl.

Starfsmanni nefndar er falið að krefjast skýringa og fá öll gögn sem liggja fyrir. Starfsmanni falið að vinna minnisblað í samræmi við umræður á fundinum. Málið verður á dagskrá næsta fundar.

Í framhaldi af bókun nefndar, 23. nóv. sl. fundaði bæjarstjóri ásamt sviðsstjóra með framkvæmdastjóra Arkís, 13. des. sl., um þá stöðu sem væri uppi og hvort það væri ekki tímabært að slíta samstarfi. Niðurstaða máls er sú að báðir aðilar fallast á að ljúka samstarfi, án þess að hvor aðilinn geri kröfu á hvorn annan, að það sem nú hefur verið unnið verði gert upp.